

Nd.

390. Nefndarálit

[96. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinni, fulltrúar stjórnarflokkanna, mælir með samþykkt frv. óbreytt, en ég er andvígur því.

Frv. felur í sér staðfestingu á viðaukasamningi ríkisstjórnarinnar við Swiss Aluminium Ltd. um stækkun álverksmiðjunnar í Straumsvík. Í samningnum er gert ráð fyrir, að álverksmiðjunni verði áfram seld raforka á sama verði og upphaflega var samið um.

Þegar samningarnir um byggingu álverksmiðjunnar voru gerðir á sínum tíma, urðu miklar deilur um verð á raforku til verksmiðjunnar. Í greinargerð, sem lögð var fyrir Alþingi af hálfu ríkisstjórnarinnar, var reiknað með, að framleiðslukostnaðarverð á raforku frá Búrfellsvirkjun yrði 21.1 eyrir á kwst., en samið var um sölu á raforku til verksmiðjunnar fyrir 22 auro á kwst., hagnaður samkvæmt áætlun átti því að vera 0.9 aurar á kwst. Það var skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna og margra annarra, að þetta framleiðslukostnaðarverð væri of lágt áætlað og að miklar líkur bentu til, að kostnaðarverð raforkunnar yrði talsvert hærra en söluverðið til álversins.

Nú hefur komið í ljós, að byggingarkostnaður Búrfellsvirkjunar hefur reynst meiri en áætlað var og lánskjör hafa einnig orðið óhagstæðari en reiknað var með upphaflega. Þá hefur stofnkostnaður gasaflsstöðvar einnig orðið til muna hærri en reiknað var með. Það leikur því enginn vafi á því, að sé gengið út frá sömu forsendum við útreikning á framleiðslukostnaðarverði raforkunnar og gert var í þeim áætlunum, sem upphaflega voru lagðar fyrir Alþingi, þá er kostnaðarverð orkunnar frá Búrfelli nú talsvert yfir söluverðinu til álverksmiðjunnar.

Þegar Alþingi tók ákvörðun um að heimila Swiss Aluminium að reisa verksmiðjuna í Straumsvík, lagði ríkisstjórnin fram ýtarlega skýrslu um málið. Í skýrslunni var gerð grein fyrir því, að semja yrði við hinn erlenda aðila um mun lægra raforkuverð til álversins en Norðmenn höfðu nýlega samið um við þennan sama erlenda aðila, til álverksmiðju þar í landi. Til skýringar á þessu var því haldið fram, að Íslendingar yrðu að sætta sig við lægra verð á raforkunni vegna þess, að hér væri um byrjunarframkvæmdir að ræða og að verksmiðjan, sem samið væri um byggingu á, væri í minna lagi. Í skýrslunni kemur hins vegar skýrt fram, að gert er ráð fyrir því, að samið verði um hærra raforkuverð, ef til stækkunar á verksmiðjunni kæmi. Á bls. 24 í skýrslunni segir svo: „Á hinn bóginn er engin ástæða til þess, að jafngóð kjör yrðu í boði, ef til stækkunar kæmi, enda yrðu þá viðhorfin í virkjunarmálunum allt önnur en nú. Ef allt gengur vel í þessum efnum, svo að Íslendingar teldu sér hag að frekari stækkun alumíníumverksmiðjunnar í framtíðinni, ættu Íslendingar að geta fengið svo að segja sömu kjör og Norðmenn þá byðu.“ Um afstöðu Alþjóðabankans í þessu efni segir svo á bls. 28: „Verði alumíníumbræðslan stækkuð í framtíðinni, telur bankinn hins vegar ekki rök fyrir því að bjóða jafnhagkvæm kjör.“

Þessar tilvitnanir í skýrslu ríkisstjórnarinnar sýna ótvírætt, að gert var ráð fyrir því, að Íslendingar gætu náð hagkvæmari samningi um raforkuverð við eigendur álbræðslunnar þegar til samninga um stækkun hennar kæmi, enda einnig viðurkennt af fulltrúum ríkisstjórnarinnar, að raforkuverðið, sem um var samið, væri í lægsta lagi.

Meginástæða þess, að ég get ekki fallizt á að staðfesta samning þann, sem ríkisstjórnin hefur nú gert, er, að samið hefur verið um óbreytt raforkuverð til álverksmiðjunnar. Ég tel það verð óeðlilega lágt og ekki í samræmi við þær yfirlýsingar stjórnvalda, sem gefnar voru um hækkandi raforkuverð, ef til stækkunarsamnings kæmi.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 7. marz 1970.

Eðvarð Sigurðsson.